

LÍKAMINN Í LISTINNI

Farandsýningin Líkamsnánd er samnorrænt safnafræðsluverkefni sem ætlað er að vekja athygli á norrænni samtímamyndlist. HULDA

STEFÁNSDÓTTIR ræddi við Þorbjörgu Br. Gunnarsdóttur hjá fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur og tvo af þátttakendum sýningarinnar, dönsku listakonuna Iben Dalgaard og myndlistarmanninn Birgi Snæbjörn Birgisson.



Morgunblaðið/Árni Sæberg
IBEN Dalgaard sýnir innsetninguna Only When I Laugh á sýningunni Líkamsnánd á Kjarvalsstöðum. Verkið byggir á gagnvirkum boðskiptum áhorfandans við listaverkið. Líkami áhorfandans tengist tíma og rúmi verksins og merkingin verður ekki lesin úr listaverkinu einu heldur sprettur hún af upplifun áhorfandans.

REYKJAVÍK er síðasti áfangastaður sýningar sem ferðast hefur milli Alvar Alto Museo í Finnlandi, Henie Onstad Kunstsenter í Noregi, Norrköpings Konstmuseum í Svíþjóð og Vestsjællands Kunstmuseum í Danmörku. Á sýningunni eru verk eftir ýmsa norræna listamenn sem eiga það sameiginlegt að hafa fengist við mannlíkamann í verkum sínum, bæði innsetningum, vídeolist, málverkum, ljósmyndum og skúlptúrum. Þeir sýna okkur líkamann sem tjáningartæki og tákn fyrir tilfinningar okkar, fjalla um líkamann sem safn einstakra líkamshluta og benda á hvernig hann kemur upp um bælingu okkar. Markmið sýningarinnar er að ná til unglunga á aldrinum 13-19 ára og vekja áhuga þeirra á samtíma-myndlist og heimsóknum á listasöfn.



Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir


Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru Peter Bonde, Cristian Lemmerz og Iben Dalgaard frá Danmörku, Elin Wikström og Lars Hammarström frá Svíþjóð, Ilkka Sariola, Satu Kiljunen, Olli Summanen og Philip von Knorring frá Finnlandi og Marianne Heske frá Noregi. Íslensku þátttakendurnir í sýningunni eru Þorvaldur Þorsteinsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hulda Hákon, Daði Guðbjörnsson og Birgi Snæbjörn Birgisson.

„Hreyft við mörkum á varfærinn hátt“


Hugmyndin að sýningunni kom í kjölfar ákvörðunar Norrænu ráðherranefndarinnar um að styrkja barna- og unglíngamenningu á Norðurlöndunum og efla samstarf skóla, menningarstofnana og listamanna. Í upphafi var það ungt fólk í Finnlandi sem mótaði þetta þema, og verkefnið varð svo til með stuðningi frá fjölmörgum stofnunum og sjóðum á Norðurlöndum. Teija Hinnala hefur umsjón með safnafræðslu hjá Alvar Aalto safninu í Finnlandi og í sýningararkrú lýsir hún aðdragandanum sem var sýning safnsins veturinn 1996. Hið nakta ég. Hugmyndina að sýningunni segir hún hafa orðið til úr mörgum hugdettum. „Þörfin fannst í orðunum, krafan var félagsleg og áhugi hafði vaknað víða. Með líkamslist og gjörningum, afkvæmum myndlistarinnar, voru mörk myndrænnar nektar skráð og túlkuð og hreyft við þessum mörkum á varfærinn hátt.“ Teija er þeirrar skoðunar að listsýning geti ekki verið fullgerð fyrir en hún hafi mætt umhverfi sínu, fyllst þeirri orku sem áhorfendur hafa lagt í hana. „Listin er í sjálfu sér tilfinning, hún er tilfinningalegar upplifanir listamannsins holdi klæddar. Listamennirnir eru alltaf nærri í verkum sínum og áhorfendur í líkómum sínum - úr þessu þarf svo að skapa samneyti svo tækifæri gefist á svári.“

Unglingar fara síður á söfn en aðrir aldurshópar

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir hefur haft umsjón með verkefninu fyrir hönd Kjarvalsstaða



LEIGUTUNGA, Hired Tongue, eftir danska listamanninn Peter Bonde. Titillinn er athugasemd listamannsins við hlutverkið sem honum finnst hann gegna á sýningunni þar sem verkið var fyrst sýnt. Rétt eins og menn í bandarískum kvikmyndaiðnaði á þriðja áratugnum leigðu handritshöfunda og kölluðu þá Hired Hand, leið Bonde eftir þessa sýningu eins og hann hefði verið leigður listamaður. Með plastpoka yfir hausnum dýfði hann tungunni í túss og sleikti rönd eftir endilöngu léreftinu. Tungan varð að pensli og ásjóna listamannsins sjálfs minnir á bankaræningja eða meðlim í Ku Klux Klan.



FRÁSAGNARMÁLVERK Birgis Snæbjörns Birgissonar hreyfa við ímyndunaraflí áhorfandans með tvíráðni sinni. Birgir flutti fyrirlestra um verk sín fyrir nemendur þegar sýningin ferðaðist til Danmerkur og Noregs.skoðun mín er sú að í verkum íslenskra myndlistarmanna hafi líkaminn birst í miklu mýkri útgáfu en annars staðar,

en undirbúningsvinnan hófst fyrir þremur árum. Unglingar eru sá hópur safngesta sem erfðast hefur gengið að ná inn á söfn, jafnvel þar sem löng hefð hefur skapast fyrir safnfræðslu eins og víða á hinum Norðurlöndunum. Norrænu listasöfnin sem að verkefninu koma hyggjast því nýta sér reyndluna af þessari far-



andsýningu til að móta nýja stefnu í safnkennslu ungmenna. Þemað, mannlíkaminn og mannleg nánd, snertir við heimi unglunga, jafnt sem annarra, á svo ótalmarga vegu og því þótti viðfangsefnið henta markmiði samsýningarinnar vel. „Við vildum beita nýjum aðferðum við safnkennslu sem hreyfði við unglíngunum - vekti áhuga þeirra á samtíma-myndlist og það teljum við að þetta viðfangsefni geri. Það kveikir svo margar spurningar varðandi t.d. öra tæknipróun samtímans; einræktun og alnetið, líkamann sem tákn, sjálfsmýnd okkar, sjúkdóma, fegurðarímyndina og það hvernig listasagan birtir okkur margbreytilegar hugmyndir mannsins um líkamsfegurð í gegnum tíðina,“ segir Þorbjörg. Tíðarandann má lesa úr ásynnd mannlíkamans í myndlist á öllum tímum. Um fulltrúa íslenskra samtíma-myndlistarmanna á sýningunni segir Þorbjörg að þeir hafi fjarlægst þar beinu meðvituninu vísanir í náttúruna sem frumherjar íslenskrar myndlistar beittu í verkum sínum og í staðinn hafi líkaminn verið tengdur nk. umfjöllun um listhugtakið sjálf.

Mikilvægt að virkja bæði huga og líkama áhorfandans

Danska listakonun Iben Dalgaard hefur í innsetningum sínum leitast við að koma á gagnvirkum boðskiptum milli listaverks og áhorfanda. Hún segir að án áhorfanda sé listaverkið hjómið eitt. Líkami áhorfandans tengist tíma og rúmi verksins og listaverkið má túlka á ýmsa vegu allt eftir samhenginu hverju sinni. Verk sitt nefnir hún Only When I Laugh og titillinn dregur dár að alvörubrunum andartökum áhorfanda andspænis listaverkum á söfnunum. „Ég reyni að losa áhorfandann undan viðtekinni nálgun hans við listaverkið með því að virkja bæði hugann og líkamann. Verk mitt krefst aðgerða af hálfu áhorfandans því annars gerir verkið honum ósköp lítið. Um leið og áhorfandinn hefur losað um hömlur vanans og leyfir sér jafnvel að hlæja svolítið að verkinu, þá slakar hann á og

hættir að vera eins upptekinn af skilgreiningu verksins einni saman. Ekki að það sé nauðsynlegt að áhorfendur hlæi heldur að þeir leiti svara handan þess sem talist getur rökrétt og séu sjálfir virkir í merkingarsköpuninni.“ Oftar en ekki setur hún saman tvö óskyld fyrirbrigði í eina heild og segist með því vera að leika sér að viðleitni mannsins til að tengja alla hluti saman og þvinga þá í eina merkingarheild, jafnvel þó tengslin séu langsótt. „Við þurfum að hætta að spyrja í sífellu „hvers vegna?“ og segja í staðinn „af því bara“ og njóta þess sem fyrir augu ber - lifa og njóta í núinu. Túlkun verkanna er ekki einhliða og forvitni er allt sem þarf til að skilja,“ segir Iben.

Ólíkt flestum hinna þátttakendanna á sýningunni vann Iben verk sitt sérstaklega fyrir sýninguna Líkamsnánd. „Þegar að samnorrænt verkefni um mannlíkamann í myndlist var fyrst fært í tal við mig, þótti mér það meira en lítið undarlegt. Að það sé þá til einn og sami norræni líkaminn? En eftir því sem ég velti viðfangsefninu meira fyrir mér uppgötvaði ég sífellt fleiri sameiginleg einkenni með okkur Norðurlandabúum sem snerta líkamann, s.s. hugsanagang okkar og athafnir,“ segir Iben. „Síðastliðið sumar fjallaði ég sérstaklega um þau hughrif sem ég varð fyrir í tengslum við þetta verkefni á sýningu minni í Kaupmannahöfn þar sem ég tók fyrir skammdegið, myrkríð og kuldann og tilfinningar honum tengdar sem svo sannarlega eru samnorrænar.“

Hún hefur fylgst með viðbrögðum áhorfenda við verki sínu á öllum fyrri sýningarstöðunum og segir að viðbrögð unglínganna sem komið hafi á sýninguna og rætt við sig um verkið, hafi oftast en ekki komið sér í opna skjöldu. „Um leið og þau höfðu áttað sig á hvað hér var á ferðinni þá voru þau flest mjög opin fyrir þessu samspili sínu við verkið. Sumir hverjir sögðu að ef þetta væri myndlist þá stæði ekki á þeim að heimsækja listasöfn oftast, svo ég hlýtt að geta vel við unað,“ segir Iben.

Margir höfðu aldrei kynnst myndlistarmanni áður

Birgi Snæbjörn Birgisson er yngstur í hópi þeirra íslensku listamanna sem valdir voru til sýningarinnar. Hann var styrktur af norræna Sleipnissjóðnum til að fylgja verkum sínum eftir þegar sýningin stóð yfir í Danmörku og Noregi. Reyndu sína af verkefninu segir hann mjög góða. „Þátttaka mín í fræðslustarfinu á þessum tveimur stöðum var með gerólíkum hætti. Í Noregi ræddi ég við nemendur um verk mín þegar þeir höfðu farið um alla sýninguna en í Danmörku höfðu nemendur skoðað sýninguna viku áður og komu gagnert aftur til að hitta mig,“ segir Birgi. „Ég lýsti því fyrir nemendum að verk mín fælu í sér frásögn og í Danmörku fól ég síðan nemendum það verkefni að velja sér eina af myndunum þremur og teikna á sinn hátt það sem fyrir augu bar. Þannig varð til þeirra frásögn af mínum verkum.“ Hann segir að margir af þessum nemendum hafi verið að koma á listasafn í fyrsta sinn og höfðu jafnvel aldrei áður lýst myndlistarmann. „Þeim fannst starfið spennandi og spurðu mig mikið um hvernig það væri að vera listamaður.“ Hann segir að líkamslistin hafi verið mjög áberandi í myndlist síðustu áratuga og ástæðuna megi eflaust m.a. rekja til staðfestingarbaráttu homma og lesbía og tilkomu sjúkdómsins eyðni. „Viða hefur verið fjallað um mannlíkamann í myndlist á mjög öflugan hátt en skoðun mín er sú að í verkum íslenskra myndlistarmanna hafi líkaminn birst í miklu mýkri útgáfu en annars staðar, t.d. á Sensation-sýningunni í Bretlandi nýverið.“ Hann segir að sýningin henti vel til að virkja hugi þeirra sem lítt þekki til samtímalistar. „Mörg verkanna er auðvelt að útskýra og sum þeirra þarf jafnvel ekki að hafa mörg orð um.“

Listamennirnir sem taka þátt í fræðslustarfinu eru Iben Dalgaard, Ilkka Sariola, Mari Rogers, Birgi Snæbjörn Birgisson og Haraldur Jónsson ásamt rithöfundinum Kristínu Ómarsdóttur og mannfraeðingnum Sigurjóni Baldri Hafsteinssyni. Almenn leiðsögn verður um sýninguna alla sunnudaga kl. 16. Sunnudaginn 11. janúar framkvæmir Finninn Goa Zweygberk gjörning í tengslum við leiðsögnina. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá 10-18 og lýkur 1. mars. Líkamsnánd er einnig að finna á Alnetinu í samstarfi við Valhalla, norrænt upplýsinganet. Hjá Valhalla er annarsvegar heimasíða sýningarinnar og hinsvegar umræðuvettvangur fyrir sýningargesti en slóðin er <http://valhalla.norden.org>.